

TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS DEILIAR OG LANDAKOTS. DÆLUSTÖÐ FRÁVEITU NORÐAN VIÐ HÓLMATÚN.

SVÖR VIÐ INNSENDUM ATHUGASEMDUM

Dags. 23. september 2024

Þann 19. september 2024 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að breytingu deiliskipulags Deildar og Landakots á Álftanesi í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var samþykkt að tillögu skipulagsnefndar frá fundi þann 12. september. Bókun skipulagsnefndar er eftirfarandi:

„Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Deildar og Landakots á Álftanesi að lokinni auglýsingu ásamt athugasemdum, umsögnum og greinargerð umhverfissviðs þar sem lögð eru til svör við athugasemdum. Tillagan gerir ráð fyrir staðsetningu dælustöðvar fráveitu á óbyggðu svæði vestan Hólmatúns.

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 gerir ráð fyrir veitumannvirki, þ.e. dælistöð fráveitu á þessum stað sem að nánar þurfi að gera ráð fyrir í deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd hefur skilning á því að íbúar í nágunda við staðinn hafi áhyggjur af staðsetningu stöðvarinnar, sérstaklega af bráðabirgðaráðstöfunum vegna skólphreinsunar.

Málið hefur verið skoðað vel að hálfu umhverfissviðs og ráðgjafa, m.a. hvort önnur staðsetning gæti verið betri. Sjálfrennsli núverandi lagna hefur þar mikið að segja og það rask sem framkvæmdir myndu óhjákvæmilega fylgja breytingum á lögnum sem væri þá ráðist í vegna útfærslu á bráðabirgðaráðstöfunum.

Niðurstaða skoðunar er sú að ekki er mælt með annarri staðsetningu en þeirri sem deiliskipulagstillagan og aðalskipulag gera ráð fyrir.

Óþægindi vegnar lyktmengunar teljast óveruleg en til að koma til móts við athugasemdir þá leggur skipulagsnefnd til að bætt verði við ákvæði í tillögunum sem gerir ráð fyrir því að lífsíu (biofilter) verði komið fyrir í útblæstri bráðabirgðahreinsistöðvar.

Áhrif umferðar í tengslum við rekstur teljast óveruleg og er ekki ástæða til að bregðast við þeim þætti málsins.

Útsýnisskerðing samkvæmt auglýstri tillögu er nokkur á meðan að bráðabirgðaráðstafanir vegna hreinsunar eru til staðar. Skipulagsnefnd leggur til að hámarkshæð byggingar vegna hreinsistöðvar til bráðabirgða lækki um 1 metra, úr 3 m í 2 og að hún verði niðurgrafin og umlykt grasmönnum að auki. Grasmanir koma að auki til móts við athugasemdir sem lúta að hugsanlegu ónæði vegna hljóðs frá hreinsistöðinni.

Mikilvægi þess að meðhöndlun fráveitu sé samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru og hafa það að tilgangi að draga úr áhrifum á umhverfið er ótvírætt.

Undirbúningur vegna útfærslu á endurbættu fráveitukerfi á Álftanesi er hafin og beinir skipulagsnefnd því til umhverfissviðs að þeirri vinnu verði flýtt eftir megni.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna, með ofangreindri breytingum á útfærslu bráðabirgðabyggingar, sem breytingu deiliskipulags Deildar og Landakots í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að svörum við athugasemdum.“

Alls bárust tvö erindi með athugasemdum. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir innsendum athugasemdum og þeim svarað.

NR.	Málefni	Athugasemd	Svör Garðabæjar
1-2	Rotþrær/fráveita	Garðabær ætlar sér að afleggja rotþrær á Álfanesi og að nú þegar sé verið að dæla út óhreinsuðu skólpi. Skv. upplýsingum er skólp hreinsað í rotþróum á þessum stað og fer þetta ekki saman. Rotþró með siturlögn telst vera jafngildi tveggja þrepa hreinsunar en rotþró án siturlagnar eins þrepa hreinsun.	Vissulega er hluti byggðar á rotþróum en meiri hluti byggðar er það ekki og rennur það skólp því óhreinsað til sjávar í dag. Það er stefna allra stærri sveitarfélaga á Íslandi að afleggja rotþrær í þéttbýli og sameina fráveituna í sameiginlegt kerfi. Uppfærðar Evrópulöggjafir eru grundvöllur þessarar stefnu. Það er vert að nefna að þessi bráðabirgðahreinsistöð sem sett verður upp á Álfanesi mun ekki hafa nein áhrif á það hvenær rotþrær hverfisins verða aflagðar. Hver siturlögn þarfnast siturbeðs þar sem vökvinn frá rotþró seiltar í rólegheitunum út. Í þéttbýli er ekki nægilegt pláss fyrir siturlagnir og siturbeð fyrir hvert hús þó vissulega séu tilfellen einhver þar sem svo er.
3		Ef skipta á þessu kerfi (rotþró) út fyrir grófhreinsun á skólpi telst það vera minni hreinsun.	Með þessari bráðabirgða-framkvæmd er ekki verið að afleggja rotþrær til þess að grófhreinsa. Með grófhreinsuninni er tryggð hreinsun á því skólpi sem í dag rennur óhreinsað til sjávar.
4		Núverandi fráveitukerfi er ólöglegt þar sem hreinsun er ekki í samræmi við reglugerð um fráveitu og skólp.	Það er rétt að núverandi fráveitukerfi uppfyllir ekki skilyrði. Úrbæturnar sem verið er að ráðast í er liður í því að bæta úr því.
5		Þessi grófhreinsun er ekki í samræmi við þau áform sem komu fram á íbúafundi um að dæla öllu skólpi frá Álfanesi í hreinsistöð í Reykjavík.	Þessi grófhreinsun er bráðabirgðalausn þar til hægt verður að dæla skólpinu undir Skerjafjörð til Reykjavíkur í hreinsun. Samhliða hreinsistöðinni verður niðurgrafin dælustöð (brunnur) sem vissulega er liður í því að dæla skólpinu til Reykjavíkur. Grófhreinsistöðin er tímabundin þar til samningar, hönnun og framkvæmd er lokið á dælustöðvum og lögnum sem dæla skólpi Álfaness til Reykjavíkur. Fyrir liggur viljayfirlýsing milli Garðabæjar og Veitna um að fráveitan verði leyst með þessum hætti til framtíðar.

6		Útrás fráveitunnar liggur aðeins 200 metra út við Hrauhólma sem nær líklega ekki út fyrir stórstraumsfjöru.	Ekki er gert ráð fyrir að breyta núverandi útrás þar sem hún er ekki hugsuð sem hluti af framtíðarlausn nema sem útrás í neyðartilfellum.
7	Skipulagsskilmálar	Í aðalskipulagi Garðabæjar segir að mannvirki skuli vera á óskipulögðu og óbyggðu svæði.	Í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er landnotkun skilgreind sem iðnaðarsvæði, veitumannvirki fyrir reitinn 1.20 I. Landnotkun er sett fram í töflu í kafla 3.8 þar sem fram kemur núverandi staða og skipulagsákvæði. Þar sem núverandi stöðu er lýst í töflunni kemur fram að svæðið er óskipulagt en skipulagsákvæðin kveða á um að mannvirkið skuli eiga stöð í deiliskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin miðar að því að uppfylla ákvæði aðalskipulags.
8		Svæðið sem um ræðir fellur undir opið svæði í aðalskipulagi.	Skilgreind landnotkun svæðisins er iðnaðarsvæði/veitumannvirki, merkt 1.20 I í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Umlykjandi svæði er hins vegar skilgreint sem opið svæði, þ.e. svæði fyrir útivist í tengslum við byggð.
9	Umhverfisskýrsla	Umsagnaraðili getur ekki séð að umhverfismat áætlaða hafi farið fram.	Samkvæmt 1. viðauka laga um hverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021 flokkast framkvæmdin (merking 11.04) í flokki B og þá skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati framkvæmda. Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsbreytingarinnar kemur fram að bæjarfélagið telji að heildar áhrif breytingarinnar sé jákvæð. Því er það mat Garðabæjar að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

10	Tímalína	Ekki kemur fram til hve langs tíma þessi bráðabirgðaráðstöfun á að verða heimiluð.	Það eru ýmsir utanaðkomandi þættir sem geta haft áhrif á tímasetningar og því erfitt að segja til um ákveðinn tíma. Veitur og Garðabær verða að klára samningamál. Þá þarf að hanna og framkvæma. Umfang þess verksins er 4-5km lagnaleið ásamt dælustöð. Bráðabirgðahreinsistöðin er, eins og nafnið gefur til kynna, ekki langtímalausn. Við afgreiðslu málsins í skipulagsnefnd var því beint til umhverfissviðs að undirbúningi vegna endurbóta verði flýtt eftir megni.
11	Hagsmunir íbúa	Framkvæmdin mun skerða útsýni og var ekki gert ráð fyrir því skv. aðal- og deiliskipulagi.	Samkvæmt tillögunni mun bráðabirgðaráðstöfun hafa óhjákvæmileg áhrif á útsýni frá lóðum við norðanvert Hólmatún. Við hönnun og útfærslu hefur verið reynt eftir megni að draga úr sjónrænum áhrifum. Auglýstri tillögu var breytt til þess að koma til móts við þær athugasemdir sem komu fram vegna áhrifs á útsýni. M.a. var mannvirkið sem hýsir bráðabirgðahreinsistöð lækkað í landi og landslag umhverfis mótað. Þegar að framkvæmdum við fyrir fráveitukerfi til frambúðar verður lokið verða áhrif á útsýni óveruleg, eins og fram kemur í tillögunni.
12		Ekki hafa verið færð rök fyrir því hvernig megi koma í veg fyrir lyktarmengun.	Verði lyktarmengun að veruleika verður komið í veg fyrir hana. Það verður gert með því að koma útblæstri bráðabirgðahreinsistöðvarinnar í lífsíu (e. biofilter) sem er í einfölduðu máli trjáskurl sem myndar lífræna himnu úr örverum þegar útblástur hreinsistöðvarinnar fer í gegn og örverurnar éta upp agnirnar. Ákvæðum þess efnis hefur verið bætt við í deiliskipulagi í kjölfar athugasemda. Dæmi um sömu lausn sem hefur virkað vel er hreinsistöð Norðurorku á Akureyri.


13		Töluverð hljóðmengun er fyrirsjáanleg.	Hljóðmengun er hverfandi lítil og mjög ólíklegt að heyrist frá stöðinni. Vélbúnaðurinn er hljóðlátur og það helsta sem myndar hljóð inni í stöðinni er vatnsgutl. Ráðstafanir sem gerðar eru til þess að draga úr sjónrænum áhrifum draga enn fremur úr líkum á hljóðmengun.
14		Sveitarfélaginu ber að gæta meðalhófsreglu 12. gr stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 við áætlanir sínar og vinnu.	Sveitarfélagið kappkostar að gæta meðalhófsreglu eins og kveðið er á um í stjórnsýslulögum við áætlanir sínar og vinnu. Við meðferð þessa máls hefur þess verið gætt en óhjákvæmilega hafa nánast allar framkvæmdir sem ráðist er í til almenningsheilla mis mikil áhrif á umhverfi sitt og íbúa. Leitast hefur verið við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sem þessi deiliskipulagsbreyting nær til.
15	Staðsetning	Sérstök athygli er vakin á einfaldleika og fýsileika þess að koma hreinsistöð fyrir á öðrum stað. Sjá mynd: 	Ástæða þeirrar staðsetningar sem lögð er til í deiliskipulagsbreytingunni er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru þar sjálfrennslislagnir sem liggja úr báðum áttum sem mætast í brunninum þar sem nú er útrásin. Sé valin önnur staðsetning þyrfti að dæla fráveituvatninu aftur og er það ekki fýsilegt fyrir dælubrunninn sem verður niðurgrafinn. Í öðru lagi er þar útrás sem hægt er að nýta sem neyðarútrás til framtíðar nái dælubrunnarnir ekki að dæla til Reykjavíkur. Báðar ástæðurnar snúa að kótum og sjálfrennslu. Hafa skal í huga að sjónmengun frá bráðabirgða-hreinsistöð er vissulega tíma-bundin og þegar tenging er komin á til Reykjavíkur verða brunnlok dælubrunna það eina sem gefur til kynna að á svæðinu sé veitumannvirki.

16	Ónæði	Nauðsynleg aðkoma að fyrirhuguðu mannvirki byggist á akstri vélknúinna ökutækja um göngustíg frá Bakkavegi sem þarf vitaskuld að gera breytingar á í því skyni. Umferð um göngustíg frá Bakkavegi mun bitna á íbúum sem gangandi, hlaupandi eða ríðandi.	Gert er ráð fyrir að pallbíll aki 1-2 sinnum í mánuði að stöðinni til þess að tæma það sem stöðin hreinsar úr fráveitukerfinu. Hvort það er ein eða tvær ferðir í mánuði fer eftir því hve mikið rusl, s.s. blautpurkur og annað sem ekki á heima í klósettum (og þ.a.l. fráveitukerfum) fangast í stöðinni og fyllir ílátid sem tekur við seyrinni. Þetta er hluti af þjónustu við bráðabirgðahreinsistöðina og hverfur þessi þörf þegar skólpinu verður dælt til Reykjavíkur. Ekki er þörf á reglulegum akstri vélknúinna ökutækja í dælubrunnana þegar skólpinu verður dælt til Reykjavíkur.
----	--------------	--	---

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst fyrir hönd Garðabæjar




Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar